

Afnit



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 14.10. 2010

Til fjárlaganefndar Alþingis

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2011, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er framlag til Leikminjasafns Íslands áætlað kr. 5,3 milljónir. Leikminjasafnið fékk á fjárlögum þessa árs kr. 6,0 milljónir. Þetta er því niðurskurður upp á 12 %.

Í núverandi árferði verður Leikminjasafn Íslands að sjálfsögðu að sætta sig við niðurskurð eins og skyldar stofnanir. Okkur þykir hins vegar alls ekki sanngjarnt að sæta **miklu meiri niðurskurði** en þau söfn sem okkur eru skyldust og einnig eru rekin fyrir opinber framlög. Framlag til Leikminjasafnsins var sem sé skorið niður um 34 % á milli árunna 2009 og 2010, ólíkt því sem gerðist hjá flestum, ef ekki öllum öðrum söfnum sem við vitum um. Þetta kemur bert í ljós ef yfirlitið hér að neðan er skoðað, þar sem fjárveitingar til Kvikmyndasafns Íslands, Nýlistasafnsins, Víkinganausts í Reykjanesbæ og Hönnunarsafn Íslands eru bornar saman við fjárveitingar til Leikminjasafnsins frá 2008 til þess sem er áætlað í fjárlagafrumvarpi 2011:

	Fjárlög 2008	Fjárlög 2009	Fjárlög 2010	Frumvarp 2011	
Kvikms.	47,5	47,3	45,4	41,8	samt. – 12%
Nýlistas.	9,9	8,9	8,0	7,2	samt. – 27%
Víkinganaust	20	20	17	15	samt. – 25%
Hönnunars.	10,3	10,3	8,8	7,8	samt. – 24%
Leikminjas.	9,0	9,0	6,0	5,3	samt. – 41%

Eins og þetta yfirlit sýnir á Leikminjasafnið að sæta 41 % niðurskurði á sama tíma og niðurskurður til umræddra safna fer í hæst 27 %. Erfitt er að sjá nokkur rök fyrir þessu. Safnið hefur haldið uppi umfangsmiklu starfi, leigir geymslur sem bjóða upp á bestu varðveisluskilyrði, heldur úti vandaðri heimasíðu með miklum upplýsingum um íslenska leiklist og sögu hennar og hefur sett upp margar fjölbreyttar sýningar. Á þessu ári var það sameiginleg ákvörðun stjórnar og forstöðumanns að slá ekki af í sýningahaldi, eins þótt ljóst væri að það myndi skerða launakjör forstöðumanns, eina fastráðna starfsmanns safnsins.

Við viljum því beina þeim tilmælum til fjárlaganefndar Alþingis að hún leiðrétti þessa mismunun við endanlegan frágang frumvarpsins.

Virðingarfyllt

Kolbrún Halldórsdóttir
stjórnarformaður

Jón Viðar Jónsson
forstöðumaður

Afrit af bréfi þessu er sent mennta- og menningarmálanefnd Alþingis